

Þessar leiðbeiningar lýsa sýnatökum úr dagsgömlum stofnfuglum í útungun.

Svona skalt þú taka sýni

Sýnatökuplan fyrir stofnfugla hænsnfugla og kalkúna

Framleiðsla	Sýnatökutími	Sýnatökustaður	Sýnataka	Sýni tekið af framleiðanda	Sýni tekið af MAST
Uppeldi	Útungun	Útungunarstöð sóttkví	-Eggjaskurnsýni -eða kassaklæðning -eða tausýni	Alltaf	
	4ja vikna aldur	Uppeldishús sóttkví	Skóhlífásýni 2 pör	Alltaf	
	2 vikum fyrir flutning í varphúsið	Uppeldishús	Skóhlífásýni 2 pör	Alltaf	

Lýsing

Með einnota hanska tekur þú 10 g af eggjaskurnum (samsvarar rúmlega skurnum af einu eggji) úr 25 körfum (eða úr öllum körfum ef þær eru færri) úr upp undir 5 útungunarvélum. Sýnið, sem er a.m.k. 250 g, myndar eitt safnsýni úr hverjum foreldrafuglahópi.

Það þýðir að þú tekur eitt sýni úr hænulínu og eitt úr hanalínu. Ef hænulínu og hanalínu eru ungað út í sömu vél (litlir hópar) getur þú tekið samtals eitt safnsýni.



Mynd 1 Teknir eru tveir stærri helmingar skurnsins úr 25 körfum

Hvert safnsýni setur þú í hreinan nýjan poka.

Þér gefst líka valkost á að taka kassaklæðningu úr 5 körfum. Hafðu samband við Matvælastofnun ef þú villt nota þann valkost til að fá nákvæma lýsingu á aðferðinni.

Frágangur

Þú merkir sýnið vel með rekjanleikanúmer fuglahópsins og sýnatökudagsetningu. Fylltu út eyðublaðið nákvæmlega og sendu sýnið með rannsóknarbeiðnina samdægurs á opinbera rannsóknarstofu. Forðaðu sýninu frá miklum hita eða sólskíni.

Ef þú getur ekki sent sýnið samdægurs eða innan við 24 klst. þarft þú að geyma það í kæli við 2-8°C. Ath: Sýnið telst órannsóknarhæft ef yfir 96 klst. liða frá sýnatöku þar til rannsókn hefst og er þá ógilt.

Sýnatökubúnaður

- Hreinn plastpoki / ílát
- Einnota hanskar
- Tússpenni og límmiðar
- Rannsóknareyðublað (<http://www.mast.is/eydublod/bufe>)
- Kassi til sendingar

Þessar leiðbeiningar lýsa sýnatökur skv. reglugerð (EB) nr. 2160/2003, innleidd með reglugerð nr. 1011/2011.

Útgáfudagur: 1. nóvember 2011